

## T I L L A G A

til þingsályktunar um gjaldskrá um  
greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar.  
(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir eftirfarandi:

## G J A L D S K R Á

um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar.

1. gr.

■ Prestum ber greiðsla þóknunar fyrir þá þjónustu sem greinir í gjaldskrá þessari. Þóknun reiknast í einingum og ákvarðar kirkjuþing verð hvernar einingar þegar þurfa þykir.

2. gr.

■ Greiða ber prestum fyrir þjónustu sem hér greinir:

Þjónusta	Einingar	Fjárhæð
a. Skírn, sem ekki fer fram í guðsþjónustu	0,7 ein.	kr. 7.272
b. Ferming	2,0 ein.	kr. 20.777
c. Hjónavígsla	1,3 ein.	kr. 13.505
d. Kistulagning	0,8 ein.	kr. 8.311
e. Útför	2,6 ein.	kr. 27.011
f. Jarðsetning duftkers eða kistu, sem ekki er í beinu framhaldi af útför	0,8 ein.	kr. 8.311
g. Vottorð um þjónustu prests	0,2 ein.	kr. 2.078

3. gr.

■ Þóknun vegna þjónustu samkvæmt 2. gr. greiðir sá sem þjónustunnar beiðist.

4. gr.

■ Ferðakostnað prests vegna þjónustu samkvæmt 2. gr. greiðir sá sem beiðist þjónustunnar.

□ Akstursgjald miðast við sama gjald og ríkisstarfsmenn fá greitt hverju sinni samkvæmt gildandi auglýsingu ferðakostnaðarnefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

□ Presti ber að upplýsa greiðendur fyrirfram um ferðakostnað.

□ Ekki skal greiða ferðakostnað vegna fermingar.

5. gr.

■ Presti er skylt að gefa út vottorð án endurgjalds um skírn og hjónavígslu, enda vitji hlutaðeigandi þess innan viku frá athöfn.

6. gr.

■ Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. október 2020.

*Greinargerð.*

Á 58. kirkjuþingi 2019, aukakirkjuþingi sem haldið var 28. ágúst og 4. september 2019, var samþykktur viðbótarsamningur um endurskoðun á samkomulagi milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 (kirkjujarðasamkomulagið) og samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998. Fulltrúar íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar undirrituðu viðbótarsamninginn hinn 6. september 2019. Þá voru samþykktar, á grundvelli viðbótarsamningsins, ýmsar breytingar á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 (þjóðkirkjulög). M.a. var samþykkt að afnema lög um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, nr. 36/1931, með síðari breytingum. Þess í stað var bætt við eftirfarandi nýjum 3. másl. við 2. mgr. 59. gr. laganna, sbr. 17. gr. laga nr. 153/2019: „Kirkjuþing setur gjaldskrá um þjónustu kirkjunnar, þ.m.t. vegna prestsþjónustu.“ Í 3. gr. framangreindra laga nr. 36/1931 sagði: „Fyrir aukaverk ber prestum þóknun eftir gjaldskrá, er ráðuneytið setur til 10 ára í senn.“ Núverandi gjaldskrá ráðherra um greiðslur fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar sem sett var með heimild í tilvitnaðri 3. gr. er nr. 729/2014, með síðari breytingum. Í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XII., sbr. 19. gr. laga nr. 153/2019 í framangreindum lögum um breytingar á þjóðkirkjulögum segir: „Gjaldskrá um greiðslur fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar nr. 729/2014, með síðari breytingum, sem sett var með heimild í 3. gr. laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, nr. 36/1931, með síðari breytingum, og var birt í B-deild Stjórnartíðinda, skal halda gildi sínu til 31. mars 2020.“

Kirkjuþing 2020 þarf samkvæmt þessu að setja gjaldskrá vegna aukaverka presta sem öðlist gildi eigi síðar en 1. október 2020.

Tillaga þessi að gjaldskrá kirkjuþings fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar er nær efnislega eins og framangreind gjaldskrá ráðherra. Þó er orðalag einfaldað frá því sem nú er og jafnframt eru fjárhæðir uppfærðar til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa á þeim viðmiðum sem gjaldskrá ráðherra studdist við, þ.e. einingum fyrrum kjararáðs. Í fyrstu gjaldskrá ráðherra nr. 729/2014, sem byggð var á einingum kjararáðs, var hver eining 7.153 krónur, í þeirri næstu nr. 1146/2015 var einingin orðin 8.934 krónur og í þeirri síðustu orðin 9.573, sbr. 3. mgr. 1. gr. gjaldskrárinnar:

*„Þóknun fyrir aukaverk presta miðast við einingar sem kjararáð ákvarðar þeim sem undir það heyra. Hver eining er 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 9.573 krónur. Verði breyting á launatöflu kjararáðs nr. 502 þannig að ný krónutala komi fyrir hverja einingu í stað þeirrar sem nú er,*

*skal ráðherra innan mánaðar með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda breyta gjaldskrá þessari til samræmis. Sama gildir ef kjararáð breytir viðmiði hvað varðar launaflokk eða prósentutölu í launatöflu sinni.“*

Lög um kjararáð nr. 47/2006, með síðari breytingum, féllu úr gildi 1. júlí 2017, sbr. 7. gr. laga um kjararáð nr. 130/2016. Lög um kjararáð nr. 130/2016 féllu úr gildi 1. júlí 2018, sbr. 1. gr. laga um brottfall laga um kjararáð nr. 130/2016, með síðari breytingum nr. 60/2018. Í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 60/2018 segir:

*„Þrátt fyrir gildistöku laga þessara skulu allir þeir sem falla undir úrskurðarvald kjararáðs halda kjaraákvörðunum þar til ný ákvörðun hefur verið tekin um laun og starfskjör þeirra. Hafi ný ákvörðun ekki verið tekin fyrir 1. maí 2019 skulu laun þessara aðila taka breytingum í samræmi við hlutfallslega breytingu á meðaltali reglulegra launa ríkisstarfsmanna eins og hún birtist í tölum Hagstofu Íslands fyrir næstliðið almanaksár.“*

Í lögum um breytingu á ýmsum lögum vegna brottfalls laga um kjararáð nr. 130/2016, með síðari breytingum, nr. 79/2019, segir í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða: „Þrátt fyrir 1. mgr. ákvæðis þessa og 4. mgr. 60. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, skulu laun og starfskjör biskups, vígslubiskupa, prófasta og presta þjóðkirkjunnar, sem ákveðin voru með ákvörðun kjararáðs 17. desember 2017, taka breytingum 1. júlí 2019 og ár hvert þar á eftir, í samræmi við hlutfallslega breytingu á reglulegum meðallaunum ríkisstarfsmanna eins og þau birtast í tölum Hagstofu Íslands fyrir næstliðið almanaksár, þar til nýtt samkomulag hefur náðst milli þjóðkirkjunnar og ríkisins um launafyrirkomulag. Um almenn starfskjör gilda sömu reglur og gilda um embættismenn þar sem laun eru ákveðin í sérákvæðum í lögum, sbr. 2. mgr. 39. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Önnur starfskjör er fram koma í ákvörðunarorði kjararáðs frá 17. desember 2017 gilda þar til nýtt samkomulag hefur náðst.“

Laun presta og einingar tóku breytingum samkvæmt framangreindu ákvæði til bráðabirgða laga nr. 79/2019 1. júlí 2019 og hækkaði hvoru tveggja um 6,3%.

Ljóst er að einingar þær sem kjararáð ákvarðaði prestum og próföstum í úrskurði sínum frá 17. desember 2017 eiga samkvæmt framanskráðu ekki við lengur.

Lagt er til í tillögum að starfsreglum um fjármál þjóðkirkjunnar að kirkjuþing ákvarði eftirleiðis verð eininga sem þóknarir vegna þjónustu á vegum kirkjunnar miðist við. Lagt er til að hver eining verði verðlögð á kr. 10.176, frá 1. október 2020-31. mars 2021. Kirkjuþing 2020 tekur væntanlega ákvörðun um verð hvern einingar fyrir næsta tímabil þar á eftir.

Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði gjaldskrár ráðherra þar sem segir að verði breyting á launatöflu kjararáðs nr. 502 þannig að ný krónutala komi fyrir hverja einingu í stað þeirrar sem nú er, skuli ráðherra innan mánaðar með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda breyta gjaldskrá þessari til samræmis, var það ekki gert þrátt fyrir þá 6,3% hækkun sem varð 1. júlí 2019. Er það því sanngirnismál að uppfæra nú fjárhæðir sem greiða ber fyrir þá prestsþjónustu sem gjald skal inna af hendi fyrir. Er því gjaldskráin miðuð við framangreindar einingar kirkjuþings og verða fjárhæðir í samræmi við það. Gjaldskráin breytist m.ö.o. í samræmi við þær breytingar á verði á einingum kjararáðs sem urðu 1. júlí 2019.

Ekki ert gert ráð fyrir að samþykkt tillagna þessara feli í sér kostnað fyrir Þjóðkirkjuna – Biskupsstofu. Hins vegar hækka þjónustugjöld samkvæmt tillögunni eins og rakið er hér að

framan. Ekki er lögð fram kostnaðarumsögn, sbr. 19. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjupings nr. 949/2009, með síðari breytingum.

Lagt er til að fallið verði frá því að nota hugtakið „aukaverk“ og þess í stað verði gjaldskráin nefnd „Gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar“. Þá er lagt til að felld verði brott ákvæði sem nú er að finna í staflíðum a-d, í 1. mgr. 3. gr. nógildandi gjaldskrár, sem mæla fyrir um þak á akstursgreiðslur. Verður ekki séð að rök hnígi til þess að hafa slíka takmörkun á endurgreiðslu aksturskostnaðar.

Með málinu fylgir uppfærð gjaldskrá ráðherra um greiðslur fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar nr. 729/2014, sbr. breytingar á skránni með auglýsingum nr. 1146/2015 og nr. 687/2016.

#### *Um einstakar greinar tillögunnar.*

##### Um 1. gr.

Vegna þeirra breytinga á lögum um kjararáð sem að framan greinir er nauðsynlegt að umorða 1. gr. eins og hún var í gjaldskrá ráðherra. Allar tilvísanir til kjararáðs eru felldar brott. Lagt er til að miðað sé við einingar þær sem kirkjuping ákvarðar í starfsreglum um fjármál þjóðkirkjunnar. Greiðsluskylda er hjá þeim sem beiðist þjónustu prests, sbr. 1. mgr. 4. gr. en þó ekki samkvæmt 4. mgr. greinarinnar sem fjallar um ferðakostnað vegna fermingar.

##### Um 2. gr.

Hér er sama þjónusta skilgreind eins og er í 2. gr. gjaldskrár ráðherra nr. 729/2014, með síðari breytingum. Röð verka er breytt þar sem eðlilegra þykir að kistulagning sé nefnd á undan útför. Einingar eru samræmdar því sem lagt er til í starfsreglum um fjármál þjóðkirkjunnar og skila niðurstöðu sem samræmist þeim breytingum sem urðu 1. júlí 2019 og að framan greinir, sbr. umsögn í greinargerð. Til einföldunar er tekið fram að greitt sé fyrir jarðsetningu duftkers eða kistu sem ekki er í beinu framhaldi af útför. Í gjaldskrá ráðherra er sérákvæði í 3. mgr. 2. gr. um sama efni. Hér sjást breytingar sem verða á gjaldskránni verði tillögur þessar samþykktar.

<b>Þjónusta</b>	<b>Einingar</b>	<b>Eldri</b>
a. Skírn, sem ekki fer fram í guðsþjónustu	0,7 (7.272)	(6.701)
b. Ferming	2,0 (20.777)	(19.146)
c. Hjónavígsla	1,3 (13.505)	(12.445)
d. Kistulagning	0,8 (8.311)	(7.658)
e. Útför	2,6 (27.011)	(24.890)
f. Jarðsetning duftkers eða kistu, sem ekki er í beinu framhaldi af útför	0,8 (8.311)	(7.658)
g. Vottorð um þjónustu prests	0,2 (2.078)	(1.915)

Um 3. gr.

Ákvæðið skilgreinir hver greiði þóknun vegna greiðsluskyldrar þjónustu samkvæmt 2. gr. tillagna þessara. Er, eins og verið hefur, um að ræða þann sem þjónustunnar beiðist.

Um 4. gr.

Ákvæðið, sem fjallar um ferðakostnað, þ.e. aksturskostnað, er sambærilegt ákvæði 3. gr. gjaldskrár ráðherra, utan þess að felld eru brott ákvæði um hámarksgreiðslur aksturskostnaðar eins og fyrir segir.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er efnislega eins og ákvæði 2. mgr. 4. gr. gjaldskrár ráðherra.

Um 6. gr.

Lagt er til að gjaldskrá þessi öðlist gildi þann 1. október 2020.